

**Álit Ferðapjónusturnnar Mjóeyri kt 680502-2930 um
frumvarp til laga
um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða,
með síðari breytingum.**

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:

Það teljast veiðar í atvinnuskyni ef eigandi eða útgerð báts tekur gjald af þeim sem nýta bátinn til veiða. Um veiðar og afla fer samkvæmt gildandi reglum um veiðar í atvinnuskyni. Ráðherra getur þó með reglugerð sett sérstakar reglur um veiðar og afla, m.a. hvað varðar skyldur skipstjóra, tilkynningar og skýrsluskil.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2008.

Það er álit okkar að ef þessi lagabreyting nær fram að ganga í óbreyttri mynd séu grunnforsendur Bátaleigunnar Mjóeyri brostnar og í kjölfarið verði þeirri starfsemi sem við höfum verið að byggja upp undanfarin ár sjálfhætt.

Rökstuðningur:

Ferðapjónustan Mjóeyri keypti níu báta af gerðinni corsiva 430 árið 2006 og stofnaði í kjölfarið bátaleigu með leifi frá Siglingastofnun. Farsvið bátanna er takmarkað við Eskifjörð enda eru þeir litlir. (4,30m. 6 manna). Vaktmaður bátaleigunnar fylgist með bátunum úr landi og hefur hann öflugan bát tiltækan til aðstoðar ef með þarf. Þetta fyrirkomulag hefur reynst afar vel og reksturinn gengið algjörlega áfallalaust þau tvö ár sem bátaleigan hefur starfað.

Síðustu tvö ár höfum við verið að byggja upp okkar kúnnahóp og viðskiptavild og hafa bátarnir okkar verið stór hluti af þeirri markaðssetningu sem fyrirtækið hefur farið í á undanförunum misserum. Árið 2007 fékk Ferðapjónustan Mjóeyri frumkvöðlaverðlaun Markaðsstofu Austurlands meðal annars fyrir þetta framtak. Nú síðast sóttum við ásamt Sjóminjasafni Austurlands um styrk vegna mótvægisáðgerða ríkisstjórnarinnar vegna aflasamdráttar, til að flytja bátaleiguna að svokölluðu Randulffssjóhúsi sem er í eigu safnsins. Með því vonumst við til að efla og bæta menningartengda ferðapjónustu á svæðinu, með aðaláherslu á útgerðasögu bæjarins og strandmenningu almennt. Er það von okkar að það leiði til fleiri starfa í ferðapjónustu á svæðinu auk þess að styrkja grunnþætti ferðapjónustunnar á Austurlandi með fjölbreyttari afþreyingarmöguleikum og renna þar með styrkari stöðum undir þau störf sem fyrir eru.

Á árinu 2007 voru útleigur bátaleigunnar um 100 talsinns. Áætla má að að meðaltali hafi verið um 3 persónur um borð í hverjum bát. Aflatölur eru ekki til, enda aflinn ekki verið viktadur. Þó tekur starfsmaður á móti hverjum bát þegar hann kemur að landi. Tilfinning okkar er sú að heildarveiði bátanna þetta sumar hafi alls ekki farið yfir 1 tonn. Frekar nær 500 kg. Er því ljóst að aflatölur p.r. mann eru ekki háar. Eingöngu er veitt á sjóstangir og var uppistaðan í aflanum nokkuð jafnt skipt þ.e.a.s. ýsa, þorskur og lýsa.

Tillaga okkar til þeirra er um þessar lagabreytingar fjalla er sú að til að koma megi í veg fyrir að starfsemi eins og okkar leggist af verði komið á einhversskonar ferðamanna ívilnun.

Þannig að hver ferðamaður, erlendur eða íslenskur, megi koma með að landi það sem hann getur borið í land af heilum fiski í einni ferð c.a 10-20 kg. án þess að fyrir því sé sérstakur kvóti.

Þetta væri auðvitað að hámarki til að fyrirbyggja magnveiði. Flestir hjá okkur kæmu eflaust með minna að landi. Þetta getur líka auðveldað þeim sem eru með veiði, sem hluta að stærri pakka, svo sem skoðunarferðir - veiði - grillað um borð, að fara að settum reglum. Hvert kg. sem svona er veitt skilar umtalsverðum gjaldeyrstekjum í þjóðarbúið. Eðlilegt er þó að ferðaþjónustufyrirtæki þurfi að skrá þann afla sem að landi berst svo fylgjast megi með því magni sem berst að landi yfir árið. Ef þessi skráning sýndi fram á að magnið yfir landið væri umtalsvert væri hægt að gera ráð fyrir því við úthlutun t.d. byggðakvóta.

Við rekum 5 ferðaþjónustuhús auk gistiheimilis og gistiskála og gistir fólk hér oft um lengri tíma. Þessu fólki finnst meiri háttar upplifun að leigja sér bát bæði til að sigla um fjörðinn á fögru sumarkvöldi sem og renna fyrir fisk, sem það getur svo eldað sjálft, eða fengið okkur til að elda. Fjölmargir hafa sagt okkur að þessi upplifun gefi dvölinni hjá okkur alveg sérstakt gildi. Að auki eru þessar veiðar umhverfisvænar, sjálfbærar og gefa okkur kost á að bjóða það sem fjörðurinn gefur.

Heimamenn geta með þessu móti haldið áfram að leigja báta hjá okkur til að ná sér í soðið. Nái hins vegar óbreitt frumvarp fram að ganga geta þessir aðilar það ekki. Þeir verða annað hvort að kaupa sér bát með þeim tilkostnaði sem því fylgir, eða einfaldlega að kaupa fiskinn út í búð.

Strandveiði er vaxandi afþreying í Íslenskum ferðamannaiðnaði. Er það ekkert skrítið þar sem það er nú þegar ein vinsælasta veiðin í Evrópu. Hvað með þann fisk sem veiddur er frá strönd eða bryggju og veiddur er úr sömu fiskistofnum?

Mikið hefur verið horft til Vestfjarða undanfarin ár og þá gríðarlegu uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað í sjóstangaveiði. Þarna er verið að tala um allt aðra hluti heldur en hjá okkur. Þessi fyrirtæki gera út fiskibáta með tilskyldum leifum og magnið sem þessir bátar koma með að landi er það mikið að þeir þurfa að tryggja sér kvóta svo þeir geti komið fisknum í verð. Þetta lagafrumvarp snertir þessi fyrirtæki ekkert og þurfa þau ekki að breyta neinu í sínum rekstri að ég best veit.

Með von um jákvæð viðbrögð

MBK

Sævar Guðjónsson

Ferðaþjónustunni Mjóeyri

Gsm:698-6980

www.mjoevri.is